

Nd.

572. Breytingartillögur

[148. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EÁ og SkG).

Við 2. gr. Við 4. lið bætist tveir nýir töluliðir, þannig:

38. Að endurgreiða hluta aðflutningsgjalda á byggingarefni í íbúðarhús eftir stærð þeirra. Skal endurgreiðslan nema 110 krónum á hvern rúmmetra íbúðar. Endurgreiðslan nær þó ekki til þess hluta íbúðar, sem er umfram 360 rúmmetra.
39. Að endurgreiða ræktunarsamböndum aðflutningsgjöld af skurðgröfum og jarðýtum.